

## Skólaráðsfundur – fundargerð

- Skólahverfismörkin. Hverjir eru kostir og gallar núverandi hverfaskipulags miðað við okkar skóla. Hvaða, ef einhverjar, breytingar myndum við vilja sjá?
  - Nemendafjöldaspá – fer fækkandi í Ingunnarskóla (jafnt og þétt og allt niður í 367 árið 2020) en fjölgandi í Sæmundarskóla (jafnt og þétt og upp í 553 árið 2020).
  - Í skólahverfi Ingunnarskóla eru 130 Búmannaíbúðir (við Prestastíg og Grænlandsleið) fyrir borgara 50 ára og eldri og samkvæmt upplýsingum frá Búmönnum eru ekki grunnskólabörn í þeim íbúðum.
  - Í dag koma nemendur úr sléttum tölum í Þorlaksgeisla í Ingunnarskóla en oddatölur fara í Sæmundarskóla. Við viljum leggja til að allur Þorlaksgeislinn, Kapellustígur, Klausturstígur og Gvendargeisli 2-12 tilheyri Ingunnarskóla og mörkin verði færð eftir því. Rökin eru sú að jafna nemendafjölda milli skóla til þess að skólastarf í Ingunnar- og Sæmundarskóla verði sem stöðugast og hagkvæmast. Faglega væri það styrkur fyrir skólann að halda sem mestum stöðugleika í nemendafjölda. Einnig bendum við á að vegalengdir frá þessum götum eru svipaðar í báða skólana nema helst frá Kapellu- og Klausturstíg en gönguleiðir þaðan og í Sæmundarskóla eru óhentugar fyrir yngri börn og er þeim jafnan skutlað í skólann þegar um slíka vegalengd er að ræða.
  - Gönguleið yfir Þorlaksgeislann er yfir Þorlaksgeislagötuna þar sem nokkur umferð er og væri öruggara að setja hraðahindrun og gönguljós til að tryggja öryggi nemenda.
  - Frá Kapellustíg og Klausturstíg er hægt að fara undirgöng yfir allar umferðargötur.
  - Heppilegast er að halda stöðugleika í nemendafjöldanum í kringum 430-450 í Ingunnarskóla til þess að fullnýta húsnæðið og m.t.t. faglegs skipulags og hagræðis, það er einnig hagkvæmast fyrir borgina því það kallar á aukið húsnæði við Sæmundarskóla ef nemendafjöldinn það fer upp í þá tölu sem spár eru um.
- Niðurstöður samræmdra prófa úr 4. og 7. bekk
  - Í 4. bekk er Ingunnarskóli með 5,94 í íslensku (5,7 landið og 5,9 Rvk.)
  - Í 4. bekk er Ingunnarskól með 6,48 í stærðfræði (6,6 landið og 6,7 Rvk.)
  - Í 7. bekk er Ingunnarskóli með 6,15 í íslensku (6,0 landið og 6,1 Rvk.)
  - Í 7. bekk er Ingunnarskóli með 6,51 í stærðfræði (6,5 landið og 6,4 Rvk.)
  - Alltaf er rýnt í niðurstöður, fundað með foreldrum nemenda þar sem ástæða þykir. Það eru þá umsjónarkennarar og sérkennarar sem funda og finna viðeigandi úrræði.
  - Ef einhver atriði koma ekki nógu vel út hjá öllum er það skoðað sérstaklega á viðkomandi stigi og brugðist við því.
- Farið yfir starfsáætlun skólaráðs.
- Önnur mál.
  - Valborg spyr út í starf frístundaheimilanna, hvort standi til að nýta skólahúsnæðið meira í það. Það er í umræðunni og þarf að skoða vel. Stjórnuland er löngu sprungið og allt of þröngt um nemendur og starfsfólk. Aðeins einn skúr er í notkun þar sem tveir eru lokaðir v. raka.